

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 21. janúar 2011 í máli nr. E-2972/2010:

Íslandsbanki hf.

(Andri Árnason hrl.)

gegn

Ólöfu Þórönnu Hannesdóttur

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

I.

Mál þetta, sem var dómtekið 30. nóvember 2010, er höfðað af Íslandsbanka hf., Kirkjusandi í Reykjavík, gegn Ólöfu Þórönnu Hannesdóttur, Sléttuvegi 15 í Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru **aðallega** þær að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 19.865.073 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 19. október 2009 til greiðsludags. **Til vara** að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 28.290,78 bandarískir dollarar, 52.928,26 evrur, 35.044,81 svissneskir frankar og 1.640.703 japönsk jen ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 28.290,78 bandarískum dollurum, 52.928,26 evrum, 35.044,81 svissneskum franka og 1.640.703 japönskum jenum, frá 19. október 2009 til greiðsludags. **Til þrautavara** að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 9.596.002 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 19. október 2009 til greiðsludags. **Til þrautþrautavara** að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 8.162.385 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 19. október 2009 til greiðsludags. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins auk virðisaukaskatts.

Stefnda krefst **aðallega** sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði gert að greiða ríflegan málskostnað að viðbættum virðisaukaskatti. **Til vara** krefst hún verulegrar lækkunar á dómkröfum stefnanda og að málskostnaður falli niður.

II.

Málsatvik

Stefnda er fædd árið 1932 og er ellilífeyrisþegi. Hún var stofnfjáreigandi í Byr sparisjóði og nam stofnfjáreign hennar í nóvember 2007 1.065.985 krónum að nafnvirði.

Með bréfi stjórnar Byrs sparisjóðs 28. nóvember 2007 var henni tilkynnt að ákveðið hefði verið að auka stofnfé í sparisjóðnum um 12.726.114.700 krónur. Yrði það gert með útboði þar sem stofnfjáreigendur gætu skráð sig fyrir nýju stofnfé. Þar kom fram að nafnverð hins nýja stofnfjár yrði 12.200.000.000 króna og að verð hvers stofnfjárhluta yrði 1,9447635 krónur. Athygli var vakin á því að útboðslýsing væri aðgengileg á vef sparisjóðsins og voru stofnfjáreigendur hvattir til að kynna sér efni hennar. Áskrift hæfist 3. desember 2007 og lyki 14. sama mánaðar. Í bréfinu kom fram að stefnda ætti rétt á að skrá sig fyrir nýju stofnfé að nafnvirði 6.666.463 krónur en stofnfjáreign hennar nam þá 1.065.985 krónum að nafnverði. Þar var enn fremur vakin athygli á því að ef stofnfjáreigandi nýtti ekki rétt sinn til kaupa á nýju stofnfé í útboðinu myndi „eignarhlutur hans í sparisjóðnum þynnast um 86,20%“ að því gefnu að allt stofnféð sem boðið væri til sölu í útboðinu seldist. Þá var á það bent að Byr sparisjóður hefði samið við Glitni banka um að fjármagna kaup þeirra stofnfjáreigenda sem þess óskuðu á stofnfjárhlutum í útboðinu. Kom þar fram að mat á lánsbeiðnum væri háð lánareglum Glitnis banka hf. og að þjónustufulltrúar bankans veittu nánari upplýsingar.

Í útboðslýsingunni, sem vísað var til í framangreindu bréfi, kemur fram að hún sé gefin út vegna útgáfu á samtals 12.200.000.000 nýrra stofnfjárhluta í Byr sparisjóði sem yrðu seldir í útboði til stofnfjáreigenda í sparisjóðnum. Hefði Fjármálaeftirlitið staðfest lýsinguna. Kom þar jafnframt fram að hún væri unnin af Byr sparisjóði, sbr. 30. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, í samvinnu við stjórn, framkvæmdastjórn og KPMG hf.

Af lýsingunni má ráða að heildarnafnverð stofnfjár í Byr sparisjóði að viðbættu endurmati miðað við vísitölu í desember 2007 hafi fyrir hækkunina verið 3.793.868.173 krónur. Með útboðinu var stefnt að því að heildarnafnverð stofnfjárins yrði 27.519.982.873 krónur að teknu tilliti til ónýttar heimildar til endurmats stofnfjár. Líkt og í bréfi stjórnar sparisjóðsins kom fram í útboðslýsingunni að ef forgangsréttarhafi nýtti ekki rétt sinn í útboðinu myndi skerðing á hans hlut verða 86,2% miðað við að allt stofnféð seldist. Sagði þar að það samsvaraði því að eignarhlutur hans yrði 13,8% af fyrri eignarhlut hans í stofnfé sparisjóðsins.

Í útboðslýsingunni er fjallað á ítarlegan hátt um sparisjóðinn og rekstrarstöðu hans. Þar er vikið að því að Byr sparisjóður hefði orðið til við sameiningu Sparisjóðs vélstjóra og Sparisjóðs Hafnarfjarðar árið 2006. Þá hefði verið samþykkt í október 2007 að Sparisjóður Kópavogs sameinaðist Byr sparisjóði. Í samantektarkafli lýsingarinnar kemur fram að rekstur sparisjóðanna hafi gengið vel á árinu 2006. Hefði hagnaður Byrs sparisjóðs eftir tekjuskatt numið 2.676 milljónum króna á árinu 2006 en 511 milljónum króna hjá Sparisjóði Kópavogs. Hagnaður sameinaðs sparisjóðs fyrstu sex mánuði ársins 2007 hefði verið 5.153 milljónir króna og væri hann umfram áætlanir. Horfur fyrir seinni hluta ársins 2007 væru einnig mjög góðar. Arðsemi eigin fjár á fyrstu sex mánuðum ársins 2007 hefði verið mjög góð eða 66,9%. Í samantektinni er síðan gefið yfirlit yfir rekstur og efnahag sparisjóðsins frá 2003 til 30. júní 2007 auk þess sem fjallað var með ítarlegri hætti um þessi atriði í kafla sem bar yfirskriftina „Útgefandalýsing“.

Í útboðslýsingunni er einnig fjallað almennt um stofnfé í sparisjóðnum og skilmála útboðsins. Þar er enn fremur vikið að einstökum áhættuþáttum er snertu

Byr sparisjóð, s.s. áhættu tengdri stofnfjáreign, seljanleikaáhættu, almennri rekstraráhættu, fjárfestingaráhættu, útlánaáhættu, markaðsáhættu, lausafjár- og fjármögnunaráhættu o.fl. Þess var þó jafnframt getið að þessi upptalning væri ekki tæmandi og fjárfestar hvattir til að leita sér ráðgjafar ef eitthvað væri óljóst í þessum efnunum.

Eins og fram kemur í bréfi stjórnar Byrs sparisjóðs til stefndu hafði sparisjóðurinn samið við Glitni banka um fjármögnun á kaupum stofnfjárhafa á stofnfjárhlutum í útboðinu. Í málinu liggur fyrir samningur sem ber yfirskriftina „Samningur um ráðgjöf, sölutryggingu, fjármögnun og útboð fyrir Byr-sparisjóð“. Á forsiðu sammingsins kemur fram að hann sé gerður í október 2007 en samningurinn var undirritaður 12. nóvember 2007 af Einari Sigurðssyni, starfsmanni Glitnis banka, fyrir hönd bankans, og Ragnari Z. Guðjónssyni, sparisjóðsstjóra í Byr sparisjóði. Í öðrum tölulið sammingsins er fjallað um tilgang hans. Þar kemur fram að Byr sparisjóður hyggist efna til stofnfjárútboðs auk þess sem til skoðunar sé að breyta rekstrarformi sparisjóðsins úr sjálfseignarstofnun í hlutafélag. Hafi Byr sparisjóður falið Glitni banka að vera ráðgefandi við verkefnið auk þess að sölutryggja stofnfjárútboðið og tryggja stofnfjáreigendum fjármögnun til þátttöku í stofnfjárútboðinu. Hafi Glitnir banki fallist á að taka verkið að sér.

Nánar er vikið að sölutryggingunni í tölulið 3.1 í framangreindum samningi. Þar er tekið fram að í henni felist að Glitnir banki skuli kaupa eða finna kaupendur að þeim stofnfjárhlutum sem ekki seldust í útboðinu til stofnfjáreigenda Byrs sparisjóðs en þeir nytu forkaupsréttar að nýju stofnfé. Feli hún í sér sölurétt af hálfu Byrs sparisjóðs og kaupskyldu af hálfu Glitnis banka ef ákveðið yrði að nýta sölutrygginguna. Samningurinn fæli hins vegar ekki í sér kauprétt af hálfu Glitnis banka á óseldu stofnfé til forkaupsréttarhafa. Gert væri ráð fyrir því að bankinn fengi tilkynningu um nýtingu söluréttarins í síðasta lagi fimm virkum dögum frá því að útboðstímabili lyki og að gerður yrði sjálfstæður sölutryggingarsamningur, sem myndi mæla nánar fyrir um nýtingu söluréttarins, þegar ákvörðun hefði verið tekin um útboð til forkaupsréttarhafa og það útboðstímabil sem um útboðið myndi gilda.

Í grein 3.2 og 3.3 í samningnum er kveðið á um að Glitnir banki skuli bera undir stjórn og sparisjóðsstjóra Byrs sparisjóðs mat sitt á því hver stofnfjárukningin eigi að vera „með hliðsjón af eiginfjárstöðu sjóðsins og framtíðarverkefnum“. Skyldu aðilar vinna sameiginlega að uppfærslu á útboðslýsingu fyrir stofnfjárútboðið sem færi fram fyrir árslok 2007. Átti Byr sparisjóður að annast samskipti við Fjármálaeftirlitið í samvinnu við Fyrirtækjaráðgjöf Glitnis banka. Byr sparisjóður gæti þó óskað þess að Glitnir banki annaðist einstaka eða alla hluta verksins.

Í grein 3.4 í samningnum er fjallað um fjármögnun stofnfjárukningarinnar. Kemur þar fram að Glitnir banki skuli tryggja öllum stofnfjáreigendum sem uppfylla almenn útlánaskilyrði bankans lán til kaupa á stofnfé í stofnfjárútboðinu. Skyldi lánstími vera tólf til átján mánuðir og gæti bankinn krafist veðs í stofnfé, arðgreiðslum og því hlutafé sem félli í hlut stofnfjáreigenda við hugsanlega breytingu á rekstrarformi sjóðsins. Færu arðgreiðslur fram á lánstímanum gæti bankinn krafist þess að þær færu að öllu leyti til niðurgreiðslu á láninu. Ætti Byr sparisjóður að kynna þennan fjármögnunarmöguleika fyrir stofnfjáreigendum en allt kynningarefni á lánunum og lánakjörum skyldu vera með vitund og samþykki

viðeigandi lánastjóra hjá Glitni banka og fyrirtækjaráðgjafar Glitnis.

Á fundi áhættunefndar Glitnis banka 18. október 2007 var fjallað um tillögu fyrirtækjaráðgjafar bankans um að bankinn byði öllum stofnfjárhöfum í Byr sparisjóði fjármögnun til kaupa á stofnfé er næmi allt að 26.500 milljónum króna með veði í stofnfé, arðgreiðslum og í hlutfé eftir breytingu stofnfjár í hlutfé. Kom fram í tillögunni að loforð um fjármögnun skyldi háð því að lántakar stæðust almenn lánaskilyrði bankans. Samþykkis yrði aflagð ef þörf væri á, t.d. frá lánanefnd, áhættunefnd eða stjórn, áður en lán væri endanlega veitt viðkomandi lántaka. Tillagan var samþykkt en með þeim fyrirvara að tryggt yrði að veðréttindi bankans næði einnig til sanngjarns gagngjalds „og þar með sé í raun viðunandi tryggingaþekja á þessi lán“. Aréttað var að einstök lán færu „að öðru leyti í gegnum venjulegan lánaferil“.

Í málinu liggur fyrir ódagsett skjal þar sem Glitnir banki býður stofnfjárhöfum fjármögnun vegna kaupa á stofnfjárhlutum í framangreindu útboði. Þar eru veittar upplýsingar um lánamöguleika og vikið að ólíkum samsetningum lána eftir gjaldmiðlum og þeim vaxtakjörum sem í boði voru miðað við það. Fram kemur á blaðinu að lánshlutfall geti verið allt að 100% af kaupverði og lánstíminn yrði 18 mánuðir. Afborgun höfuðstóls yrði ein í lok lánstímans en vexti ætti að greiða tvisvar, fyrst eftir sex mánuði og síðan í lok lánstímans. Um tryggingar segir síðan orðrétt í skjalinu: „Glitni banka hf. sett að handveði stofnfjárhlutir stofnfjárhafa og væntar arðgreiðslur af stofnfjárhlutum. Ekki verður krafist frekari trygginga.“ Óumdeilt er að þetta skjal var sent stefndu eins og öðrum stofnfjäreigendum í Byr sparisjóði.

Þá hefur verið lagður fram í málinu samningur milli Glitnis banka og Byrs sparisjóðs, dags. 20. desember 2007, þar sem Byr sparisjóður skuldbindur sig til að leggja 8.400.000.000 króna inn á innlánsreikning í nafni sparisjóðsins í síðasta lagi 21. desember 2007. Átti innlán þetta að vera bundið til 13 mánaða frá innborgunardegi. Í samningi þessum var kveðið á um að ef til þess kæmi að Byr sparisjóður greiddi út arð á tímabilinu til stofnfjäreigenda væri upphæð sem samsvaraði arðgreiðslunni laus til útborgunar.

Hinn 12. desember 2007 skráði stefnda sig fyrir stofnfjárhlutum að nafnvirði 6.666.463 krónum eða 12.964.694 krónum að kaupverði. Eindagi greiðslunnar var 21. desember 2007. Til að fjármagna áskriftina undirritaði stefnda lánssamning 13. desember 2007 þar sem hún var lántaki og Glitnir banki lánveitandi. Kom fram í samningnum að um væri að ræða lán „til 18 mánaða að fjárhæð að jafnvirði ... 13.098.141 kr. í erlendum myntum“ með þeim skilmálum sem fram komu í samningnum. Skyldi lánið vera „samsett úr eftirfarandi myntum í eftirgreindum hlutföllum: USD 20%, EUR 50%, CHF 20% og JPY 10%“. Þá var í samningnum kveðið á um að ráðstafa skyldi láninu beint inn á tilgreindan reikning lánveitanda til þess að fjármagna kaup lántaka á stofnfjárbréfum í Byr sparisjóði vegna aukningar á stofnfé sparisjóðsins. Myndi lánveitandi ráðstafa andvirði lánsins til greiðslu á þeim stofnfjárbréfum sem lántaki fengi úthlutað við stofnfjárukninguna.

Um endurgreiðslu lánsins segir í 2. gr. samningsins að lántaki skuldbindi sig til að endurgreiða lánið með einni greiðslu 19. júní 2009. Bæri að endurgreiða það „í þeim gjaldmiðlum sem það samanstæði af“. Mætti lántaki því aðeins greiða lánshluta í erlendum myntum í íslenskum krónum að lánveitandi hefði samþykkt

það og móttakið skriflega beiðni lántaka þar um minnst fimmtán dögum fyrir gjalddaga. Sú greiðsla sem lántaka bæri að inna af hendi á gjalddaga í erlendum myntum yrði umreiknuð í íslenskar krónur allt að fimmtán dögum fyrir gjalddagann.

Í samningnum er síðan fjallað í 4. gr. um vexti, vaxtabreytingar og greiðslu vaxta. Skyldu vextir greiddast tvisvar, í fyrra skiptið 19. júní 2008 og síðan á lokagjalddaga. Mælt var fyrir um að ef til þess kæmi að arður af hinum veðsettu stofnfjárbréfum yrði greiddur út fyrir 19. júní 2008 skyldu vextir greiddast þann sama dag og arðurinn yrði greiddur út. Í 5. gr. samningsins er síðan vikið að tryggingum. Þar er kveðið á um að lántaki setji lánveitanda að handveði stofnfjárbréf í Byr sparisjóði ásamt arði til tryggingar á skilvísri og skaðlausri greiðslu á láninu. Það skilyrði var sett fyrir útborgun lánsins að lántaki afhenti lánveitanda stofnfjárbréfin ásamt yfirlýsingu um handveðsetningu þeirra svo og að lántaki uppfyllti almenn lánaskilyrði Glitnis banka hf.

Í 10. gr. samningsins er fjallað um vanefndaúrræði lánveitanda. Í lokamálsgrein ákvæðisins kemur fram að þegar lánið væri í gjalddaga fallið gæti lánveitandi án frekari fyrirvara leitað fullnustu fyrir kröfum sínum í þeim tryggingum sem lántaki hefði sett á hvern þann hátt sem lánveitandi kysi. Væri lánveitanda í sjálfsvald sett hvort leitað yrði fullnustu í öllum tryggingum sem hefðu verið settar eða einungis hluta þeirra og þá í hvaða röð það væri gert.

Í málinu liggur enn fremur fyrir handveðsyfirlýsing sem er undirrituð af stefndu 13. desember 2007. Þar kemur fram að til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum stefndu við Glitni banka vegna lánsamnings til að fjármagna kaup hennar á stofnfjárbréfum í Byr sparisjóði væri bankanum sett að handveði stofnfjárbréf í Byr sparisjóði að nafnvirði 7.732.448 krónur. Tekið var fram í yfirlýsingunni að veðhafi skyldi meðan veðsetningin varaði, án undangenginnar tilkynningar til veðsala, móttaka allan arð sem kynni að vera greiddur af hinu veðsetta. Væri honum þá heimilt að ráðstafa arðgreiðslunum hvort sem væri til greiðslu á gjaldföllum eða ógjaldföllum hluta þeirra skulda sem handveðinu væri ætlað að tryggja. Veðsali væri enn fremur skuldbundinn til að láta Byr sparisjóð ráðstafa arðgreiðslum jafnóðum til greiðslu vaxta og niðurgreiðslu höfuðstóls samkvæmt þeim lánsamningi sem veðinu væri ætlað að tryggja.

Á aðalfundi Byrs sparisjóðs 9. apríl 2008 mun hafa verið ákveðið að greiða 44% arð til stofnfjárhafa vegna ársins 2007. Þeim hluta sem féll til stefndu, 5.995.384 krónum, var ráðstafað til greiðslu höfuðstóls og vaxta samkvæmt lánsamningnum. Á kvittun frá 11. apríl 2008 kemur fram að uppfærðar eftirstöðvar lánsins eftir greiðslu væru 10.902.716 krónur.

Með heimild í 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitinga úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. tók Fjármálaeftirlitið þá ákvörðun 14. október 2008 að ráðstafa eignum Glitnis banka hf., þ.m.t. kröfuréttindum og tryggingaréttindum sem þeim tengdust, til Nýja Glitnis banka hf. Það er óumdeilt í málinu að krafa samkvæmt framangreindum lánsamningi við stefndu var á meðal þeirra kröfuréttinda sem við þetta færðust til nýja bankans. Nafni hans var breytt í Íslandsbanka hf. í febrúar 2009 og er hann stefnandi í máli þessu.

Með viðauka við lánasamning stefndu við stefnanda frá 24. júní 2009 var gjalddagi lánsins færður til 19. október 2009. Ritaði stefnda undir viðaukann með fyrirvara um „breytingar vegna málefna í gangi“.

Í bréfaskiptum lögmanns stefndu við stefnanda sumarið 2009 kemur fram að stefnda og ýmsir aðrir stofnfjárhafar, sem fjármögnuðu stofnfjárukninguna með lántöku hjá Glitni banka, hafni því að þeim beri að endurgreiða lánin með öðru en hinum veðsettu stofnfjárbréfum. Um þetta er m.a. vísað til þess hvernig fjármögnunin var kynnt af hálfu bankans. Í svarbréfum stefnanda hefur þessum sjónarmiðum verið hafnað.

Hinn 22. apríl 2010 tók Fjármálaeftirlitið þá ákvörðun að taka yfir vald stofnfjáreigendafundar Byrs sparisjóðs og víkja stjórninni í heild sinni frá, sbr. heimild í VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, og skipa sjóðnum bráðabirgðastjórn. Þá var öllum eignum sparisjóðsins ásamt skuldbindingum ráðstafað til Byrs hf. nema þær væru sérstaklega undanskildar. Samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 2. júlí 2010 var Byr sparisjóður síðan tekinn til slitameðferðar.

III.

1. Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi reisir kröfu sína á lánasamningnum frá 13. desember 2007 með viðauka og ákvörðun Fjármálaeftirlitisins frá 14. október 2008 en sé reist á 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008. Hafi gjalddagi lánsins verið 19. október 2009 og því sé krafan gjaldfallin. Þar sem skuldin samkvæmt samningnum sé gjaldfallin telur stefnandi að stefndu beri að inna af hendi útistandandi lánsfjárhæð.

Stefnandi byggir málatilbúnað sinn á því að ábyrgð stefndu sé ekki takmörkuð við það handveð sem lánveitandi, nú stefnandi, hafi í stofnfjárbréfunum. Stefnandi geti því einnig krafið stefndu persónulega um greiðslu lánsins. Um þetta atriði vísar stefnandi til nokkurra atriða.

Í fyrsta lagi telur stefnandi að orðalag í kynningargögnum Glitnis banka, þar sem stofnfjáreigendum er boðin ákveðin lánafyrirgreiðsla í tengslum við aukningu stofnfjár í Byr sparisjóði, hafi falið í sér skyldu lántaka til að setja að handveði tilteknar tryggingar auk þess sem þar komi fram að ekki yrði krafist frekari trygginga. Orðalagið gefi ekki til kynna að lántakar beri enga persónulega greiðsluábyrgð vegna lánaskuldbindingarinnar. Það lúti eingöngu að tryggingum vegna hinnar persónulegu greiðsluskuldbindingar sem lántakendur gengust undir. Stefnandi telur að hér sé um hefðbundin veðréttindi að ræða, þ.e.a.s. að lánveitanda sé veittur forgangsréttur í tilteknum fjárverðmætum, þ.e. veð í stofnfjárbréfunum, til að leita fullnustu fyrir peningakröfu sinni. Veiting veðréttinda af hálfu stefndu og annarra lántaka leysi þá ekki undan eiginlegri greiðsluábyrgð, þ.e. hinni fjárhagslegu skuldbindingu. Telur stefnandi að slík niðurstaða fæli í raun í sér að kröfuréttur félli sjálfkrafa niður við fullnustu veðréttar jafnvel þótt hið veðsetta dygði ekki fyrir fjárhæð þeirra kröfuréttinda sem veðinu væri ætlað að tryggja. Sú niðurstaða eigi sér hvorki stoð í orðalagi kynningargagnanna né í almennum reglum

kröfu- og veðréttar.

Stefnandi telur enn fremur að túlka verði umþrætt orðalag í umræddu skjali í samræmi við meginreglur kröfu- og veðréttar, þ.m.t. um aðgreiningu kröfu- og veðréttinda. Ekki sé unnt að fallast á að lántakinn beri í raun enga ábyrgð vegna lánaskuldbindingarinnar öðruvísi en með afhendingu bréfanna. Það leiddi til þess að fjárhagsleg áhætta hvíldi öll á stefnanda.

Stefnandi vísar enn fremur til þess að orðalag kynningarefnis í tengslum við útgáfu stofnfjárbréfanna geti ekki gengið framur skýru orðalagi lánssamningsins sjálfs. Þar sé ekki að finna neitt sem gefi tilefni til þeirrar ályktunar að ekki yrði gengið að öðru en hinum handveðsettu stofnfjárbréfum.

Stefnandi telur að það geti ekki hafa verið lagaleg forsenda fyrir lántökunni af hálfu lántakenda, og þá eftir atvikum stefndu, að þeir bæru ekki persónulega greiðsluábyrgð. Hafi stefnanda, eða þeim sem hann leiðir rétt sinn frá, í öllu falli hvorki verið kunnugt um slíkar forsendur lántakenda né mátt vera um þær kunnugt. Forsendukenningar samningaréttar eigi því ekki við í þessu sambandi að mati stefnanda.

Í öðru lagi telur stefnandi að ekki hafi verið nauðsynlegt að geta þess berum orðum í texta lánssamningsins að lántakar bæru persónulega ábyrgð á skuldinni með öllum eignum sínum. Um þetta vísar stefnandi m.a. til 5. gr. lánssamningsins þar sem fram kemur að lántaki setji til tryggingar skilvísri greiðslu á láninu að handveði stofnfjárbréf í Byr sparisjóði ásamt arði. Orðalag ákvæðisins feli samkvæmt almennri textaskýringu ekki í sér að stefnda hafi verið undanþegin persónulegri greiðsluábyrgð. Þá vísar stefnandi til 10. gr. samningsins sem fjalli um vanefndaúrræði. Þar segi að verði vanefnd af hálfu lántaka geti lánveitandi án fyrirvara gjaldfellt allar eftirstöðvar lánsins auk áfallinna vaxta. Enn fremur að þegar lánið sé fallið í gjalddaga sé lánveitanda heimilt að leita fullnustu fyrir kröfum sínum í þeim tryggingum sem lántaki hafi veitt lánveitanda. Sé lánveitanda í sjálfsvald sett hvort hann leiti fullnustu í öllum tryggingum sem hafi verið settar eða einungis í hluta þeirra og þá í hvað röð það sé gert. Samkvæmt þessu sé lánveitanda, nú stefnanda, í sjálfsvald sett hvort hann gangi að tryggingum eða ekki. Væri samningurinn túlkaður með þeim hætti sem stefnda leggi til grundvallar væri stefnanda beinlínis skylt að ganga að tryggingum, þ.e. lánveitanda væri þá ekki í sjálfsvald sett að krefja lántakendur, hér stefndu, um greiðslu peningaskuldbindingarinnar.

Stefnandi telur að engin rök standi til þess að gera kröfu um að geta þess sérstaklega í texta lánssamningsins að lántaki beri persónulega ábyrgð á skuldinni með öllum eignum sínum enda leiði það beinlínis af texta samningsins svo og meginreglu kröfu- og veðréttar, venjum og eðli málsins að lántaki beri persónulega greiðsluábyrgð. Í reynd hefði því þurft að geta þess sérstaklega í texta lánssamningsins ef lántaki bæri ekki persónulega greiðsluábyrgð.

Þá vísar stefnandi til orðalags í handveðssamningi aðila þar sem veðhafa sé veitt heimild til að taka veðið eða hluta þess til fullrar eignar „sem lið í fullnustu á kröfum sínum“. Bendi þetta til þess að hér hafi aðeins verið um það að ræða að stofnfjárbréfin yrðu framseld stefnanda sem liður í fullnaðargreiðslu stefndu ef til þess kæmi.

Stefnandi vísar enn fremur til þess að almennt sé það svo í stærri lánaviðskiptum, og þá þeim sem séu gerð í ákveðnum tilgangi, að lánið sjálft sé ekki greitt inn á reikning lántaka, heldur sé samhliða gert samkomulag um ráðstöfun fjárens inn á tiltekinn reikning og þá í tengslum við þau viðskipti sem lánið er veitt fyrir.

Í þriðja lagi er á því byggt af hálfu stefnanda að þótt veðréttur geti fræðilega séð verið til staðar án þess að honum fylgi nein persónuleg ábyrgð þannig að fullnusturéttur sé takmarkaður við veðandlagið eitt þá sé það undantekning frá þeirri meginreglu að veðrétti fylgi jafnframt kröfuréttarleg ábyrgð. Slík niðurstaða, að engin kröfuréttarleg ábyrgð fylgi veðrétti, verði því annað hvort að vera leidd af lögum eða skýru orðalagi samnings. Hvorugu sé til að dreifa í fyrirliggjandi máli. Slík sjónarmið fái því ekki staðist að mati stefnanda.

Í stefnu telur stefnandi rétt að taka sérstaklega fram að Glitnir banki hf. hafi ekki haft umsjón með útboði á stofnfjárlutum í Byr sparisjóði og hafi ekki átt í verðbréfavíðskiptum við kaupendur stofnfjárbréfa. Hlutverk bankans hafi einungis verið að lána þeim sem vildu kaupa stofnfjárbréf í umræddu útboði. Lög nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti eigi því ekki við eins og hér standi á.

Um lagarök vísar stefnandi í stefnu einkum til meginreglna samninga- og kröfuréttar, þ.m.t. um skuldbindingargildi samninga og rétt kröfuhafa til efnda fjárskuldbindinga. Jafnframt vísar stefnandi til meginreglna veðréttar. Þá er af hálfu stefnanda vísað til 100. gr. a í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008. Kröfu sína um málskostnað styður stefnandi við XX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Í stefnu var gerð krafa um að stefnda greiddi stefnanda 19.865.070 krónur með nánar tilgreindum dráttarvöxtum. Þar kemur fram að á því sé byggt að skuldbinding stefndu samkvæmt lánessamningnum sé í erlendum myntum, sbr. til hliðsjónar ákvæði VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Hafi stefnda skuldbundið sig til að endurgreiða í þeim gjaldmiðlum sem skuldbindingin samanstóð af. Í stefnu er sérstök grein gerð fyrir sundurliðun stefnufjárhæðar þar sem m.a. kemur fram að lánsfjárhæðir vegna einstakra lánsþátta séu reiknaðir út miðað við lokagjalddaga 19. október 2009, að frádreginni innborgun 11. apríl 2008, auk áfallinna vaxta til 19. október 2009. Um fjárhæðina var enn fremur vísað til framlagðs stöðuyfirlits.

Í þinghaldi 10. nóvember 2010 lagði stefnandi fram bókun um breytta kröfugerð, sbr. kafla I hér að framan. Aðalkrafa samkvæmt henni er um greiðslu skuldar að fjárhæð 19.865.073 krónur með dráttarvöxtum frá 19. október 2009 til greiðsludags. Til skýringar á kröfugerðinni kemur fram í bókuninni að eftirstöðvar lánessamningsins á gjaldfellingardegi 19. október 2009 hafi verið umreiknaðar í íslenskar krónur, sbr. heimild í ákvæði 4 (d) í lánessamningnum, auk áfallinna vaxta til sama dags. Hafi lánshlutar í erlendum myntum, öðrum en evrum borið LIBOR-vexti, sbr. ákvæði 4 (a) í samningnum, að viðbættu 3% vaxtaálagi. Lánshluti í evrum hafi borið EURIBOR vexti, svo sem nánar sé lýst í ákvæði 4 (b) í samningnum, að viðbættu 3% álagi. Á gjaldfellingardegi hafi fjárhæð skuldbindingar í bandarískum dollurum (USD, nr. 941489, 20%) verið 27.565,86, auk ógreiddra vaxta frá 11. apríl 2009 að fjárhæð 724,13 bandarískir dollarar.

Gengi USD á gjaldfellingardegi hafi verið 125,10. Uppreiknaðar eftirstöðvar þessa láns hluta í íslenskum krónum, sbr. ákvæði 4 (d) í lánsamningi aðila, hafi því verið 3.539.177 krónur. Á gjaldfellingardegi hafi fjárhæð skuldbindingar í evrum (EUR, nr. 941490, 50%) verið 51.617,20, auk ógreiddra vaxta frá 11. apríl 2009 að fjárhæð 1.309,59 evrur. Gengi EUR á gjaldfellingardegi hafi verið 184,82. Uppreiknaðar eftirstöðvar þessa láns hluta í íslenskum krónum, sbr. ákvæði 4 (d) í lánsamningi aðila, hafi því verið 9.782.201 króna. Á gjaldfellingardegi hafi fjárhæð skuldbindingar í svissneskum frönskum (CHF, nr. 941491, 20%) verið 34.343,24, auk ógreiddra vaxta frá 11. apríl 2009 að fjárhæð 700,60 svissneskir frankar. Gengi CHF á gjaldfellingardegi hafi verið 121,76. Uppreiknaðar eftirstöðvar þessa láns hluta í íslenskum krónum, sbr. ákvæði 4 (d) í lánsamningi aðila, hafi því verið 4.267.056 krónur. Á gjaldfellingardegi hafi fjárhæð skuldbindingar í japönskum jenum (JPY nr. 941492, 10%) verið 1.607.159, auk ógreiddra vaxta frá 11. apríl 2009 að fjárhæð 33.498 japönsk jen. Gengi JPY á gjaldfellingardegi hafi verið 1,3876. Uppreiknaðar eftirstöðvar þessa láns hluta í íslenskum krónum, sbr. ákvæði 4 (d) í lánsamningi aðila, hafi því verið 2.276.639 íslenskar krónur. Samkvæmt þessu hafi heildareftirstöðvar lánsamningsins við gjaldfellingu hinn 19. október 2009, að teknu tilliti til umbreytingar í íslenskar krónur, sbr. ákvæði 4 (d) í samningi aðila, því verið 19.865.073 krónur.

Til vara krefst stefnandi þess að stefndi greiði sér eftirstöðvar lánsins á gjaldfellingardegi 19. október 2009 í þeim erlendu myntum sem lánasamningurinn mælir fyrir um ásamt vöxtum auk dráttarvaxta frá gjaldfellingardegi til greiðsludags. Um sundurliðun fjárhæða má vísa til umfjöllunar um aðalkröfu en í bókuninni kemur fram að fjárhæð varakröfu svari í reynd til fjárhæðar aðalkröfu að öðru leyti en því að henni hefur ekki verið umbreytt í íslenskar krónur að því leyti sem hún er í erlendum myntum.

Til þrautavara krefst stefnandi greiðslu á 9.596.002 krónum með dráttarvöxtum frá 19. október 2009 til greiðsludags. Þar krefst stefnandi þess að stefnda verði dæmd til að endurgreiða upphaflegu lánsfjárhæðina í íslenskum krónum auk vaxta sem eru jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lágstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum, sbr. 1. másl. 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001, og sem birtir eru samkvæmt 2. mgr. 10. gr. sömu laga, auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna. Miðað sé við að lánsamningur aðila hafi átt að bera vexti en að um hæð þeirra verði ekki litið til þess sem um var samið heldur beri að miða við að samið hafi verið um að greiða vexti af peningakröfu án þessa að tiltaka hverjir þeir væru. Þeir eigi því að vera jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveði með hliðsjón af lágstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum, sbr. 1. másl. 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001, og sem birtir eru samkvæmt 2. mgr. 10. gr. sömu laga. Nánar er vísað til framlagðs útreiknings um kröfu þessa.

Til þrautaþrautavara er þess krafist að stefnda greiði stefnanda 8.162.385 krónur með dráttarvöxtum frá 19. október 2009 til greiðsludags. Felur þessi krafa í sér að stefndu beri að endurgreiða upphaflegu lánsfjárhæðina í íslenskum krónum ásamt vöxtum samkvæmt ákvæðum lánsamningsins, þ.e. annars vegar miðað við LIBOR vexti og hins vegar EURIBOR vexti ásamt föstu 3% álagi. Lánsfjárhæðin þannig reiknuð kveður stefnandi að sé 8.162.385 krónur og hafi þá verið tekið tillit til innborgunar á lánsamninginn. Auk þess sé krafist dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 28/2001 frá 19. október 2009 til greiðsludags. Nánar er vísað til

framlagðs útreiknings um kröfu þessa.

2. Málsástæður og lagarök stefndu

Aðalkrafa stefndu um sýknu af öllum kröfum stefnanda er reist á eftirfarandi málsástæðum:

A. Samið um að áhættan af endurgreiðslu væri aðeins bundin við stofnbréfin sem slík

Stefnda reisir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því að um það hafi verið samið milli aðila að áhætta Glitnis banka af lánveitingunni yrði alfarið bundin við stofnbréfin sjálf en ekki aðrar eignir stefndu. Um þetta vísar stefnda m.a. til samningsins milli Byrs sparisjóðs og Glitnis banka frá 12. nóvember 2007. Telur stefnda að þar hafi bankinn skuldbundið sig til að taka aðeins stofnfé sem tryggingu fyrir endurgreiðslu lánsins en ekki aðrar eigur stofnfjárhafa. Þá vísar stefnda til hins ódagsetta tilboðsblaðs Glitnis banka sem hún álitur vera meðal samningsgagna. Telur hún að í yfirlýsingunni þar sem segi að ekki sé krafist frekari trygginga felist skýr og ótvíræð skuldbinding af hálfu bankans um að hann muni ekki ganga að öðrum eignum en stofnfjárbréfunum sjálfum komi til greiðslufalls. Jafnframt felist í þessari yfirlýsingu skuldbinding um að ganga ekki að lántaka persónulega, því ella hefði yfirlýsingin um að ekki væri krafist frekari trygginga en í stofnfé ekkert gildi.

Þessu til stuðnings bendir stefnda á að ekki sé í lánessamningnum kveðið á um aðför án dóms líkt og gildi um skuldabréfalán auk þess sem almennir samningsskilmálar, s.s. endurgreiðslutími, hafi verið ákveðnir einhliða af Glitni banka hf. og án tillits til fjárhagsstöðu og aðstæðna lántakans. Engin skoðun hafi farið fram á fjárhagslegri getu stefndu til að takast á hendur skuldbindingu af þessu tagi, s.s. almennar lánareglur og lög um verðbréfavíðskipti geri kröfu um. Þá hafi Glitnir banki hf. metið verðgildi stofnfjárhlutanna sjálfur, hafi verið ráðgefandi aðili við útboðið og byggt ákvörðun sína um lánveitingu bersýnilega á eigin verðmati bréfanna og væntum arðgreiðslum. Á þeim forsendum hafi Glitnir banki metið að handveð í stofnfjárbréfunum væri nægjanlegt. Þá megi sjá af nánar tilgreindum ákvæðum í lánessamningnum og handveðssamningnum að samið sé um að Glitnir banki skuli ganga að hinum handveðsettu stofnbréfum ef komi til vanskila og án sérstaks mats á verðgildi stofnfjárhlutanna.

Af hálfu stefndu er því haldið fram að hún og allir aðrir lántakendur vegna stofnfjárukningarinnar hafi lagt þennan skilning í yfirlýsinguna á umræddu tilboðsblaði. Í ljósi andskýringarreglunnar verði að leggja vafa um skilning ákvæðisins á Glitni banka þar sem hann samdi skjölin, sbr. og lög nr. 7/1936, 36. gr. b. Framangreindur skilningur sé enn fremur í samræmi við skilning stjórnar Byrs sparisjóðs, sbr. skriflega yfirlýsingu formanns stjórnarinnar, Jóns Þ. Jónssonar, dags. 9. október 2009. Þar segi að við kynningu á fjármögnun Glitnis banka hafi komið fram fyrirspurnir af hálfu stofnfjáreigenda um það hvort persónuleg ábyrgð fælist í lántöku hjá bankanum. Hafi komið skýrt fram af hálfu fulltrúa Glitnis banka að einungis væri krafist tryggingar í stofnfjárbréfunum og að ekki yrði leitað fullnustu hjá stofnfjáraðilum vegna fjármögnunar bankans umfram handveðsetningar í stofnbréfunum sjálfum. Hafi þetta einnig komið fram á fundum

sem hafi verið haldnir í tengslum við stofnfjárútboðið sem stjórnarmenn og sparisjóðsstjóri hafi átt með Einari Sigurðssyni, starfsmanni Glitnis banka hf., vegna sammings um sölutryggingu og fjármögnun.

Stefnda byggir enn fremur á því að bæði starfsfólk Byrs sparisjóðs og Glitnis banka hafi staðfest framangreindan skilning í samtölum við stefndu og son hennar, Ívar Jósafatsson, sem hafi átt samskipti fyrir hennar hönd við bankana út af stofnfjárkaupunum og lánveitingunni. Telur stefnda að við það hafi Glitnir banki hf. orðið bundinn á grundvelli reglna um umboð samkvæmt lögum nr. 7/1936. Um það vísar hún til sammingsins milli Byrs sparisjóðs og Glitnis frá 12. nóvember 2007 þar sem Byr sparisjóði hafi verið falið að kynna fjármögnunarmöguleikann sem Glitnir banki bauð stofnfjáreigendum. Með því telur stefnda að bankinn hafi veitt starfsfólki Byrs sparisjóðs fullt umboð til að kynna lánskjörin fyrir stofnfjáreigendum. Um þetta vísar stefnda til 10. og 11. gr. laga nr. 7/1936.

Stefnda telur að hér beri að hafa í huga að Glitnir banki hafi verið skuldbundinn til að kaupa allt stofnféð sem ekki seldist í útboðinu. Með hliðsjón af 85. gr. laga nr. 161/2002 hefði Glitnir banki þurft að draga frá eiginfjárgrunni sínum öll þau stofnbref í Byr sparisjóði sem hann kynni að þurfa að kaupa í útboðinu. Það telur stefnda að hefði haft ófyrirsjáanleg áhrif á eiginfjár- og áhættugrunn bankans. Því hafi Glitnir banki haft gríðarlega hagsmuni af því að losna undan sölutryggingunni. Það hafi ekki verið hægt að gera með öðrum hætti en þeim að fá stefndu og aðra stofnfjáreigendur (með öllum ráðum) til að gangast í formlega aukningu á stofnfénu.

Þá vísar stefnda til þess að Glitnir banki hafi veitt öllum stofnfjáreigendum lán til kaupa á stofnfjárbréfum án tillits til aldurs, eignastöðu eða endurgreiðslugetu, þ.á m. til ófjárráða barna og nýstofnaðra einkahlutafélaga. Með því hafi bankinn lýst því yfir í verki að hann gerði ekki kröfu um persónulega ábyrgð lántakenda.

Á þessum grundvelli telur stefnda að það beri að sýkna hana enda liggi fyrir yfirlýsing hennar um að hún óski þess að stefnandi taki hin handveðsettu stofnfjárbréf í Byrs sparisjóði til lúkningar á láni Glitnis banka hf.

B. Forsendubrestur

Stefnda byggir sýknukröfu sína í öðru lagi á því að það hafi verið forsenda hennar fyrir lántökunni að áhættan við hana væri aðeins bundin við stofnfjárbréfaeign hennar og að Glitni banka hafi verið fullkomlega ljós sú forsenda. Því séu skilyrði fyrir því að beita ógildingarreglunni um brostnar forsendur, enda séu hagsmunir stefndu meiri af því að losna undan efndaskyldunni en stefnanda af því að halda henni upp á stefndu. Ákvörðun hennar um lántökuna hafi alfarið byggst á því að áhættan af lánveitingunni væri bundin við verðmæti stofnfjárbréfanna og að ekki væri um persónulega ábyrgð að ræða. Þessi forsenda hafi verið veruleg og ákvörðunarástæða fyrir lántökunni sem hafi verið bankanum kunn. Þá hafi ekki verið jafnræði milli aðila við sammingsgerðina. Því sé fráleitt að leggja áhættuna af verðfalli stofnfjárbréfanna á stefndu eins og stefnandi krefjist. Verði stefnandi, sem leiði rétt sinn frá Glitni banka, að sæta því að leita alfarið og eingöngu fullnustu í stofnfjárbréfunum sjálfum.

C. Lánessamningnum breytt og vikið til hliðar að hluta

Í þriðja lagi er sýknukraftan reist á því að víkja skuli lánsamningnum til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 þar sem óheiðarlegt sé af stefnanda að bera hann fyrir sig að því leyti sem hann fari í bága við yfirlýsingar Glitnis banka og skilning stefndu á efnisinnihaldi samningsins. Það liggja fyrir að bankinn hafi séð um alla skjalagerð og stefnda hafi ekki notið lögmannaðstoðar heldur hafi hún treyst á yfirlýsingar starfsfólks Byrs sparisjóðs og Glitnis banka um að lántökuáhættan væri bundin við stofnfjárbréfin. Hafi það verið skilningur bankans að í lántöku stefndu til stofnfjárkaupanna hafi falist ótakmörkuð persónuleg skuldbinding umfram andvirði stofnfjárbréfanna hafi honum borið að koma þeirri skoðun sinni skýrt og ótvírætt á framfæri við stefndu. Með því að Glitnir banki sinni ekki þeirri skyldu sinni geti hann ekki byggt rétt á skuldbindingu samkvæmt lánsamningi sem sé tilkominn fyrir vanrækslu á lögboðnum skyldum bankans. Telur stefnda að þessi rök eigi einnig við um málsástæðu um forsendubrest.

Með hliðsjón af atvikum öllum telur stefnda það óheiðarlegt af stefnanda að bera fyrir sig að í lánsamningnum felist ótakmörkuð persónuleg trygging á láninu til stofnfjárkaupanna. Þá liggja fyrir yfirlýsing Birnu Einarsdóttur, bankastjóra stefnanda, að stofnfjáreigendur hafi verið beittir óhóflegum þrýstingi af hálfu Glitni banka í útboðinu. Því beri að mati stefndu að víkja samningnum til hliðar að því leyti sem í honum kann að felast persónuleg ábyrgð á láninu, sbr. ákvæði 36. gr., sbr. 36. gr. a í lögum nr. 7/1936.

D. Málamyndasamningur

Í fjórða lagi er sýknukrafa stefndu reist á því að stofnfjárkaupin og lánsamningurinn hafi í raun verið til málamynda og gerðir í því skyni að tryggja eignarhald Glitnis banka á stofnfjárbréfunum vegna væntanlegrar hlutafjársæðingar sparisjóðsins og einnig að sniðganga áhættureglur samkvæmt lögum nr. 161/2002, sbr. og reglur Fjármálaeftirlitsins, í ljósi söluréttar Byrs sparisjóðs á hendur Glitni banka vegna óseldra stofnfjárhluta. Hafi samningsskilmálar, framkvæmd og meðferð lánsfjárins verið þannig af hálfu Glitnis banka og Byrs sparisjóðs að þátttaka stefndu og annarra stofnfjárhafa hafi fremur verið til málamynda en að þeir teldust eiginlegir kaupendur. Lánstíminn hafi verið ákveðinn einhliða af bankanum sem og önnur kjör lánanna. Ekki hafi verið tekið tillit til aðstæðna stefndu og getu við ákvörðun endurgreiðslutímans. Þá hafi stefnda ekki fengið lánsféð í hendur s.s. venjan sé, heldur hafi því verið ráðstafað af bankanum inn á reikning hans sjálfs þar sem það hafi setið fast á grundvelli samnings við Byr sparisjód um bundið innlán. Þá hafi stefnda hvorki fengið stofnféð í hendur né arðgreiðslurnar. Hafi stefnda því í reynd aldrei verið raunverulegur eigandi stofnfjárbréfanna heldur „leiksoppur í höndum“ Glitnis banka og Byrs sparisjóðs í áformum þeirra að sameina bankana tvo. Liggja fyrir að Glitni banka og Byr sparisjóði hafi verið stjórnað af sömu aðilum og að stefnt hafi verið að sameiningu bankanna beggja. Því telur stefnda að ógilda beri samninginn að því marki sem í honum felist skuldbinding af hennar hálfu umfram afhendingu á stofnbréfunum til Glitnis banka hf.

E. Brot á ákvæðum laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007

Í fimmta lagi er sýknukrafa stefndu á því reist að Glitnir banki hafi brotið gegn II. kafla laga nr. 108/2007 í samningum sínum við stefndu. Með því að takast á hendur ráðgjöf og umsjón með útboðsferli á nýju stofnfé í Byr sparisjóði telur

stefnda að bankanum hafi borið að haga ráðgjöf sinni til stofnfjáreigenda í samræmi við ákvæði framangreindra laga um vernd fyrir almenna fjárfesta. Hafi lögin tekið gildi 1. nóvember 2007 en með því hafi verið leidd í lög hér á landi MiFID tilskipun Evrópusambandsins sem kveði ítarlega á um skyldur fjármálafyrirtækja gagnvart almennum fjárfestum eins og stefndu. Í þessu sambandi er af hálfu stefndu vísað til 1. og 2. mgr. 15. gr. og 16. gr. laganna.

Stefnda telur það óumdeilt að Glitnir banki hafi veitt lánin til verðbréfakaupa. Þar af leiðandi hafi bankinn komið fram sem samningsaðili í verðbréfavíðskiptum. Þá sé óumdeilt að Glitnir banki hafi ekki kannað fjárhag stefndu og getu hennar til að ráðast í kaup á stofnfjárbréfum. Því hafi Glitnir banki ekki mátt ráðleggja stefndu að taka lán til kaupanna á stofnfjárbréfunum. Bréfin hafi ekki verið skráð í kauphöll og markaður með þau hafi verið takmarkaður. Veruleg seljanleikaáhætta hafi því verið í stofnfjárbréfunum og skuldsett kaup á slíkum bréfum því fráleit fyrir konu á áttæðisaldri með lágmarkstekjur sér til framfærslu. Telur stefnda að bankinn hafi sýnt af sér saknæma og bótaskylda háttsemi gagnvart stefndu. Skuldsett sala á stofnfjárbréfum til stefndu hafi því farið gegn lögum nr. 108/2007 og hafi því verið saknæm og ólögæt háttsemi af hálfu bankans.

Þá vísar stefnda í þessu sambandi til 8. gr. laga nr. 108/2007 þar sem segi að ef nánar tilgreindar ráðstafanir samkvæmt 1. mgr. greinarinnar veiti ekki fullnægjandi vissu fyrir því að hagsmuna viðskiptavina sé nægjanlega gætt skuli fjármálafyrirtæki upplýsa viðkomandi viðskiptavini um eðli og ástæður hagsmunarárekstra áður en til viðskipta er stofnað. Telur stefnda að á þessum grundvelli hafi Glitni banka borið að upplýsa hana um sölutryggingarákvæðið í samningi Byrs sparisjóðs við bankann og skýra henni frá því hvað fælist í því. Þar sem bankinn gerið það ekki og leyndi hana skuldbindingu sinni til að kaupa stofnféð sem ekki myndi seljast til stofnfjáreigenda, þ.m.t. til stefndu, og hagnýta sér trú hennar um að lánveitingin væri bundin við stofnféð eingögnu, telur stefnda að bankinn hafi brotið gegn téðu ákvæði laganna.

F. Saknæm og ólögæt háttsemi við útboð Byrs sparisjóðs

Í sjötta lagi er byggt á því af hálfu stefndu að sýkna beri hana af kröfum stefnanda sökum þess að ráðgjöf Glitnis banka til stjórnar Byrs sparisjóðs um að auka stofnféð svo ríflega sem raun bar vitni og verðlagning stofnbréfanna hafi verið mistök sem varði bótaskyldu. Ófaglega hafi verið staðið að ráðgjöfinni til Byrs sparisjóðs sem hafi leitt til ótímabærrar og ástæðulausrar skuldsetningar stefndu og annarra stofnfjáreigenda. Engin þörf hafi verið fyrir að auka stofnféð fyrir almenna starfrækslu Byrs sparisjóðs og hafi Glitnir banki haft eigin hagsmuni í huga en ekki hagsmuni Byrs sparisjóðs þar sem þóknunin til bankans tók mið af andvirði stofnfjárhækkunarinnar. Að auki hafi Glitnir banki fengið til sín stóran hluta stofnfjárukningarinnar sem bundið innlán sem staðfesti að Byr sparisjóður hafi ekki haft þörf fyrir þessa stofnfjárukningu til sinnar almennu starfsemi. Beri Glitnir banki fébótaábyrgð á því tjóni sem röng ráðgjöf um ótímabær kaup á allt of háu stofnfé hafði í för með sér fyrir stefndu.

Varakrafa stefndu um lækun á kröfugerð stefnanda samkvæmt stefnu er reist á eftirfarandi málsástæðum:

A) Lánessamningur í íslenskum krónum

Stefnda byggir varakröfu sína um lækkun á því að lánessamningurinn sé í íslenskum krónum en ekki erlendum myntum. Höfuðstóllinn sé tilgreindur í íslenskum krónum og á grundvelli sammingsins hafi verið greiddar út íslenskar krónur. Stefnda hafi aldrei fengið í hendur erlendar myntir. Í samningnum sé kveðið á um að stefnda taki að láni „umsamda fjárhæð“ og lofi að endurgreiða „lánið“ á tilgreindum gjalddaga. Þetta sé í raun viðurkennt í stefnu málsins. Telur stefnda að tilvísun til erlendra myntar í lánessamningnum hafi einungis verið gert til málamynda og breyti því ekki að lánsviðskiptin hafi farið fram í íslenskum krónum. Því verði stefnda ekki krafín um annað en eftirstöðvar lánsins í íslenskum krónum. Þá vísar stefnda á að stefnandi krefji hana um íslenskar krónur sem staðfesti að tilvísun til erlendra mynta í lánessamningnum hafi verið til málamynda.

Stefnda telur enn fremur að vaxtaákvæði lánessammingsins sé óskýrt um sammingsvexti í íslenskum krónum. Þannig sé kveðið á um það að „láns hlutar í erlendum myntum öðrum en evrum og íslenskum krónum skulu bera LIBOR-vexti“. Lánessamningurinn beri því með sér að íslenskar krónur kunni a.m.k. að vera hluti lánsins án þess að vaxtafótar sé getið. Því skuli reiknast vextir samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 frá útgáfudegi til greiðsludags. Þá sé tilvísun til LIBOR-vaxta ófullnægjandi því ekki sé getið um við hvaða vaxtatíma sé átt en LIBOR vextir séu mismunandi eftir tímabilum (t.d. eins mánaðar, tveggja eða sex mánaða). Jafnvel þó að talið yrði að lánið væri erlent sé óljóst af samningnum hvaða LIBOR-vexti skuli miða við og ekki verði séð af sóknargögnum hvaða LIBOR-vexti stefnandi noti við útreikninginn. Stefnufjárhæðin sé því óskýr og vanreifuð um þetta, m.a. hvort beitt sé línulegum eða geómetrískum útreikningi um vægi milli einstakra mynta, eins og segir í greinargerð stefndu.

B. Forsendubrestur – röng ráðgjöf

Verði lánið talið vera í erlendum myntum byggir stefnda á því að lántakan í erlendri mynt sé samkvæmt ráðgjöf Glitnis banka Í ljósi sérfræðikunnáttu bankans og vitneskju hans um yfirvofandi gengisfall íslensku krónunnar, sem m.a. hafi verið tilkomin vegna þess að helstu eigendur og stjórnendur Glitnis banka hf. hafi tekið stöðu gegn krónum, telur stefnda að bankanum hafi borið að ráðleggja sér frá því að taka á sig skuldbindingu í erlendum myntum í desember 2007, sbr. 15. gr. og 16. gr. laga nr. 108/2007. Hafi í slíkri lántöku falist veruleg áhætta umfram seljanleikaáhættu hinna umræddu stofnfjárbréfa fyrir stefndu sem hafi ekki haft nein tók á að mæta þeirri áhættu enda hvorki með eignir eða tekjur í erlendum myntum. Vísað sé til sjónarmiða um forsendubrest að þessu leyti sem og ójafnrar stöðu aðila við sammingsgerðina. Því beri að víkja samningnum til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936 og setja hann í íslenskar krónur.

C. Afsláttur til stefnda frá Glitni banka hf.

Að endingu byggir stefnda á því að dómkrafa stefnanda skuli lækkuð til samræmis við þann afslátt sem stefnandi hafi fengið frá skilanevnd Glitnis banka hf. á kröfunni á hendur stefndu. Telur stefnda að það liggi fyrir að allar kröfur hafi yfirfærst til stefnanda með afslætti. Eins og atvikum sé háttað sé að minnsta kosti sanngjarnt að stefnda njóti þess afsláttar verði greiðsluskyldan talin vera fyrir hendi.

Í greinargerð stefndu er kröfum stefnanda mótmælt sem röngum, ósönnum og án lagastoðar og þess krafist að stefnandi geri nákvæma grein fyrri sundurliðun kröfu sinnar, þ.m.t. vöxtum.

Við aðalmeðferð málsins kom fram sú afstaða stefndu að varakröfur stefnanda væru of seint fram komnar og að þær röskuðu málsgrundvellingnum. Þá yrði að líta á skýringar við nýjar kröfur sem nýjar málsástæður sem ekki ættu að komast að í málinu.

IV.

1. Skuldbinding samkvæmt lánsamningi aðila

Í máli þessu greinir aðila í raun á um hvort stefnda hafi með lánsamningi, sem var undirritaður 13. desember 2007, skuldbundið sig til að endurgreiða lánið þannig að unnt sé að afla aðfararhæfrar dómsúrlausnar um skyldu hennar til að greiða eftirstöðvar þess. Telur stefnda að svo sé ekki heldur hafi skylda hennar takmarkast við að veita Glitni banka handveð í stofnfjárbréfum hennar í Byr sparisjóði og að arður af þeim yrði notaður til að greiða niður lánið.

Efni lánsamningsins er rakið í kafla II hér að framan. Í 2. gr. samningsins kemur skýrt fram að með samningnum skuldbindi stefnda sig til að endurgreiða lánið á tilteknum gjalddaga og að henni beri að greiða það í þeim gjaldmiðlum sem lánið samanstendur af eins og segir í samningnum. Ákvæði lánsamningsins um tryggingar veldur engum vafa um þessa greiðsluskyldu stefndu. Lokamálsgrein 10. gr. samningsins verður ekki skilin á þann veg að fullnusturéttur lánveitanda hafi átt að takmarkast við stofnfjárbréfin enda einungis kveðið á um heimild hans til að nýta hin handveðsettu bréf til fullnustu kröfunnar. Að mati dómsins er því ekki unnt að finna því stoð í lánsamningi aðila að skylda stefndu og réttur lánveitanda til að leita fullnustu fyrir greiðsluskyldu hennar hafi verið takmarkaður með þeim hætti sem stefnda heldur fram. Þá verður ekki séð að leiða megi slíka takmörkun af samningi Byrs sparisjóðs og Glitnis banka frá 12. nóvember 2007.

Stefnda telur enn fremur að við túlkun á samningsskyldum hennar og réttindum lánveitanda verði að líta til tilboðs Glitnis banka til stofnfjáreigenda um fjármögnun stofnfjárukningarinnar í Byr sparisjóði eins og það var sett fram á einblöðungi frá bankanum sem var sent á heimili hennar. Efni þessa skjals er rakið í kafla II hér að framan en þar kemur fram að ekki verði „krafist frekari trygginga“ en handveðs í stofnfjárbréfum stefnda og væntum arðgreiðslum af þeim. Dómurinn telur eðlilegt að leggja þann skilning í orðið tryggingu, eins og það er notað í þessu samhengi, að átt sé við ráðstafanir sem veita kröfuhafa meira öryggi fyrir efndum á skuldbindingu skuldara. Þó að kröfuhafi fari ekki fram á neinar tryggingar af þessu tagi haggar það ekki efndaskyldu skuldara. Sama á við ef hann lofar að fara ekki fram á aðrar tryggingar en þær sem hann tilgreinir sérstaklega. Orðalag í framangreindu skjali gefur að mati dómsins ekki tilefni til að leggja annan skilning í skuldbindingar lántaka og réttindi lánveitanda en hér er rakið.

Engum vafa er undirorpið að stefnda skuldbatt sig samkvæmt lánsamningnum til að greiða lánið til baka. Þá er ekki unnt að finna því stoð í samningi aðila eða tilboði Glitnis banka að lánveitandinn hafi takmarkað rétt sinn til að leita fullnustu

Þessarar skyldu stefndu við hin veðsettu stofnfjárbréf og arð af þeim. Þó að Glitnir banki hafi ekki horft til greiðslugetu stefndu og hafi sjálfur reiknað með því að arðgreiðslur myndu a.m.k. fara langt með að greiða lánið fól það ekki í sér yfirlýsingu um að skuldbindingunni fylgdi engin persónuleg ábyrgð þannig að það víki til hliðar hinni ótvíræðu skyldu sem fólst í lánsamningnum. Þar sem skylda stefndu til að endurgreiða lánið var skýr samkvæmt samningi aðila verður ekki talið að undantekning frá því að veðrétti fylgi persónuleg ábyrgð þegar handveð er tekið í lausafé eigi við í máli þessu.

2. Ráðgjöf til stefndu og forsendur hennar fyrir lántökunni

Stefnda heldur því fram að það hafi verið forsenda hennar fyrir lántökunni að áhættan við hana yrði einungis bundin við stofnfjárbréfin. Hafi þetta verið veruleg forsenda og ákvörðunarástæða fyrir því að taka lánið. Þá hafi Glitni banka verið forsendan kunn.

Með þessu heldur stefnda því fram að hún hefði ekki tekið lánið ef það hefði legið fyrir að hún yrði persónulega ábyrg fyrir endurgreiðslu þess. Að fenginni þeirri niðurstöðu að hún hafi skuldbundið sig til að greiða lánið til baka og að lánveitandi hafi ekki afsalað sér rétti til að leita fullnustu á þeirri skyldu hjá stefndu persónulega snýst málsástæða þessi um að hún hafi skrifað undir samninginn á röngum forsendum um skyldur sínar. Sú afstaða kom skýrt fram í framburði sonar stefndu, Ívars Trausta Jósafatssonar, fyrir dómi. Skýrði hann frá því að sökum fyrri áfalla í viðskiptum og aðstæðna stefndu hafi þau talið rétt að taka enga áhættu í tengslum við eignarhald hennar á stofnfjárbréfunum. Því hafi stefnda í fyrstu ekki ætlað að taka þátt í þessari miklu stofnfjárukningu enda um verulega skuldbindingu að ræða. Hafi starfsmenn annaðhvort Byrs sparisjóðs eða Glitnis banka þá haft samband við hana en hún vísað þeim á sig. Í samtölum sínum við þessa starfsmenn hafi hann skýrt þeim frá ástæðum þess að stefnda vildi ekki taka þátt í útboðinu. Hafi honum þá verið bent á að hún myndi tapa 80 til 90% af eign sinni í sparisjóðnum. Þá hafi komið fram að allar líkur væru á því að arður af stofnfjárbréfunum myndi duga til að greiða upp lánið á lánstímanum. Kvaðst hann hafa þá spurt sérstaklega út í orðalag á kynningarblaði Glitnis banka um tryggingar. Hafi honum þá verið gerð grein fyrir því að lántaki myndi mögulega missa bréfin sín en ekkert annað. Ekkert hafi verið minnst á þá áhættu sem fælist í viðskiptunum og ekki grennslast fyrir um greiðslugetu stefndu. Í þessu ljósi hafi þau látið til leiðast og stefnda tekið þátt í stofnfjárukningunni. Ljóst er af framburði hans og gögnum um fjárhagsstöðu stefndu að það gat hún ekki gert nema með því að taka lán.

Gunnar Árnason, fyrrverandi yfirmaður áhættustýringar hjá Byr sparisjóði, skýrði einnig frá því fyrir dómi að tveir starfsmenn fyrirtækjaráðgjafar Glitnis banka, sem hafi komið að málinu af hálfu bankans, þeir Einar Sigurðsson og Páll Ragnar Jóhannesson, hafi látið þau orð falla á fundum sem hann hafi setið að fjármögnuninni yrði hagað þannig að bankinn tæki veð í stofnfjárbréfunum og að arði af þeim yrði ráðstafað til greiðslu á lánunum. Ekki yrði krafist annarra trygginga og ekki gengið að greiðendum ef tryggingin dygði ekki. Þessum skilningi hafi síðan verið komið áleiðis til þeirra starfsmanna sparisjóðsins sem svörðu fyrirspurnum stofnfjäreigenda. Fram kom í skýrslu Gunnars að félag í hans eigu

hefði átt stofnfjárbréf í sparisjóðnum en ekki tekið lán hjá Glitni banka til að fjármagna stofnfjárukninguna.

Tveir fyrrum starfsmenn sparisjóðsins, Edda J. Einarsdóttir og Halldór Fannar Halldórsson, greindu einnig frá því fyrir dómi að þau hefðu verið látin hringja beint í stofnfjáreigendur til að láta vita af þeirri skerðingu sem yrði ef þeir tækju ekki þátt í útboðinu. Edda greindi frá því að þegar stofnfjáreigendur hefðu spurt út í fjármögnunina hefði hún komið framangreindum skilningi til skila, eða eins og hún orðaði það, að fólk væri ekki „að taka séns nema bara á bréfunum“. Halldór mundi hins vegar ekki eftir því hvort hann hefði verið spurður hvað gerðist ef stofnfjárbréfin dygðu ekki til að greiða lánið. Þau skýrðu hins vegar bæði frá því að þau hefðu lagt þann skilning í skuldbindingar lántaka að áhættan væri bundin við bréfin og ekki yrði gengið að öðru en þeim ef illa færi. Þau hefðu sjálf tekið þátt í útboðinu og fjármagnað kaupin með lántöku hjá Glitni banka.

Þá er ljóst af skýrslum Einars Sigurðssonar sem og Páls Ragnars Jóhannessonar, sem störfuðu báðir hjá fyrirtækjaráðgjöf Glitnis banka, fyrrgreinds Gunnars Árnasonar, Ragnars Z. Guðjónssonar, fyrrum sparisjóðsstjóra Byrs sparisjóðs, og Jóns Þorsteins Jónssonar, fyrrverandi stjórnarformanns Byrs sparisjóðs, að starfsmenn Glitnis banka höfðu einnig samband við stofnfjáreigendur í Byr sparisjóði til að vekja athygli á stofnfjárukningunni og gefa upplýsingar um fjármögnun Glitnis banka á henni. Virðist það hafa verið gert þrátt fyrir að í samningi Glitnis banka við sparisjóðinn hafi verið miðað við að Byr sparisjóður annaðist beina kynningu á fjármögnuninni.

Í málinu liggur fyrir skrifleg samantekt um spurningar og svör sem vitnin Einar og Páll staðfestu að hefði verið notuð við upplýsingagjöf af hálfu starfsmanna Glitnis banka í tengslum við stofnfjárukninguna. Þar er lögð sérstök áhersla á mikilvægi þess að stofnfjáreigendur taki þátt í útboðinu til að þeir lentu ekki í verðmætaskerðingu. Tekið var dæmi af stofnfjáreiganda sem ætti „í dag 100 þúsund krónur að markaðsvirði“ og talið að eftir útboð myndi hann eiga „18 þúsund krónur að markaðsvirði“ ef hann tæki ekki þátt en „u.þ.b. 150 þúsund krónur“ ef hann tæki þátt í úboðinu. Þá kom fram að ef hann tæki lán fyrir sínum hlut í aukningunni myndi „skuldsetningin nema um 1/3 af markaðsvirði“ bréfanna „þ.e.a.s. 50 þúsund krónum“. Ekki er í skjalinu hins vegar minnst á þá áhættu sem fælist í þessum viðskiptum. Í málinu hefur enn fremur verið lögð fram glærुकynning en hún virðist hafa verið notuð til að kynna stofnfjárukninguna og fjármögnun Glitnis banka meðal starfsmanna bankans. Þar er í engu vikið að þeim áhættuþáttum sem fylgdu skuldsettum kaupum á stofnfjárhlutunum.

Með hliðsjón af þessu verður að telja upplýst að bæði Glitnir banki og Byr sparisjóður hafi látið hringja í stofnfjáreigendur til að hvetja þá til að taka þátt í útboðinu og benda á þann fjármögnunarkost sem Glitnir banki bauð upp á. Við þá ráðgjöf virðist hafa verið gengið út frá þeim forsendum að markaðsvirði bréfanna væri umtalsvert hærra en nafnvirði þeirra, að stofnféð væri gefið út á verulega lægra gengi en markaðsvirði og að það myndi rýrna mikið í verði við stofnfjárukninguna ef stofnfjáreigendur tækju ekki þátt í útboðinu. Í útboðslýsingunni á Byr sparisjóði og í bréfi stjórnar sparisjóðsins til stofnfjáreigenda 28. nóvember 2007 var einnig bent á að skerðing á hlut þess sem ekki tæki þátt í útboðinu næmi 86,2%. Ekkert í gögnum málsins bendir til þess að við þessa ráðgjöf, sem var til þess fallin að ná betur til stofnfjáreigenda en almenn

kynning, hafi verið getið um þá áhættu sem fólst í því að virði bréfanna, sem veðsetja átti, og rekstur sparisjóðsins gæti þróast til verri vegar og hvaða áhrif það hefði á skuldbindingu lántaka.

Framburður sonar stefndu, Ívars Trausta, fær stuðning í því sem hér hefur komið fram um það hvernig almennt virðist hafa verið staðið að kynningu á stofnfjárukningunni og á tilboði Glitnis banka um fjármögnun hennar. Þykir því óhætt að slá því föstu að haft hafi verið samband við stefndu, eins og vitnið lýsti fyrir dóminum, og hún sérstaklega hvött til þess að taka þátt í útboðinu svo að þau bréf sem hún átti fyrir þynntust ekki út. Verður enn fremur að leggja til grundvallar að við þá ráðgjöf hafi í engu verið vikið að þeirri áhættu sem fylgdi viðskiptunum og hvers eðlis hún væri. Í ljósi framburðar Ívars Trausta og með hliðsjón af framangreindum skýrslum starfsmanna sparisjóðsins, einkum Gunnars Arnasonar, þykir þvert á móti óhætt að ganga út frá því að þar hafi verið gefið til kynna að lántakan væri áhættulaus fyrir hana þar sem væntanlegar arðgreiðslur myndu líklega greiða lánið upp. Að öðrum kosti yrði leitað fullnustu í bréfunum að því marki sem þörf væri á. Ef þessar forsendur brygðust er ljóst að stefnda, sem þá var 75 ára, var með samningi þessum að taka á sig afar þunga fjárhagsbyrði miðað við hagi hennar. Þar sem engar viðvaranir fylgdu ráðgjöfinni um þá áhættu sem í þessu fólst og með hliðsjón af því sem hér hefur komið fram þykir í ljós leitt að hún hafi samþykkt lántökuna á þeirri röngu forsendu að áhætta hennar væri bundin við hin veðsettu stofnfjárbréf og að fullnusturéttur lánveitanda takmarkaðist við þau.

Í ljósi ótvíræðrar greiðsluskyldu stefndu á láninu verður að telja að sú ráðgjöf að lántakan væri áhættulaus fyrir lántaka, þar sem einungis væri krafist trygginga í stofnfjárbréfunum, hafi verið villandi. Ekki er hins vegar upplýst að þær ábendingar, sem urðu til þess að stefnda og sonur hennar drógu þá röngu ályktun að fullnusturéttur lánveitanda væri takmarkaður við hin veðsettu bréf, hafi komið frá Glitni banka. Ljóst er að út frá því var gengið að Byr sparisjóður ætti að kynna stofnfjárukninguna og fjármögnun hennar fyrir stofnfjáreigendum. Eins og málið liggur fyrir dóminum verður að ganga út frá því að starfsmenn Byrs sparisjóðs hafi veitt stefndu hina villandi ráðgjöf.

3. Gildi lánessamningsins

Stefnda reisir málatilbúnað sinn meðal annars á 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, sbr. 6. gr. laga nr. 11/1986, þar sem óheiðarlegt sé af stefnanda að bera lánessamninginn fyrir sig að því marki sem hann kann að fela í sér persónulega ábyrgð stefndu á að endurgreiða lánið. Í 1. mgr. 36. gr. laganna segir að samningi megi víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, sbr. þó 36. gr. c. Í 2. mgr. greinarinnar kemur fram að við mat samkvæmt 1. mgr. skuli líta til efnis samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Akvæði þetta gildir um lánessamning stefndu við Glitni banka með þeirri breytingu sem felst í 3. mgr. 36. gr. c í lögnum, sbr. 1. mgr. sömu greinar, enda er samningurinn gerður sem liður í starfsemi Glitnis banka við einstakling, sbr. 1. mgr. 36. gr. a. Í 3. mgr. 36. gr. c kemur fram að samningur teljist ósanngjarn ef hann stríði gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, neytanda í óhag. Ef slíkum

skilmála er vikið til hliðar í heild eða að hluta eða breytt segir í ákvæðinu að samningurinn skuli að kröfu neytanda gilda að öðru leyti án breytinga verði hann efndur án skilmálans.

Í þessu sambandi er rétt að taka fram að það getur almennt ekki talist óvenjulegt, hvað þá ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju, að fjármálafyrirtæki eins og Glitnir banki semji á þann veg að lántaki endurgreiði peningalán, sem lánveitandinn hefur veitt lántakanum til að fjárfesta í stofnfjárbréfum sparisjóða eða taka þátt í annars konar áhættusömum viðskiptum, og takmarki þá ekki rétt sinn til að leita fullnustu á efndum þeirrar samningsskuldbindingar hjá lántakanum sjálfum. Þvert á móti eru það eðlilegir samningsskilmálar sem jafnan verður ekki vikið til hliðar á grundvelli 36. gr. laga nr. 7/1936.

Hér verður þó að gæta að fleiri þáttum við það sanngirnismat sem 36. gr. laganna mælir fyrir um, þ.á m. atvikum við samningsgerðina og stöðu samningsaðila. Eins og að framan greinir verður að leggja til grundvallar að stefnda hafi í ljósi villandi ráðgjafar samþykkt lántökuna á þeirri röngu forsendu að hún væri ekki að taka þá áhættu að gengið yrði að öðrum eignum hennar ef hin veðsettu stofnfjárbréf dygðu ekki til. Í málinu liggur fyrir að Glitnir banki og Byr sparisjóður sömdu sín á milli um að bankinn veitti sparisjóðnum ráðgjöf við stofnfjárukninguna og tryggði fjármögnun hennar með lánveitingum til stofnfjáreigenda. Ástæða er því til að huga að því hvort Glitnir banki kunni að eiga einhverja sök á þeirri villandi ráðgjöf sem stefnda fékk.

Í málinu hefur Jón Þorsteinn Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður í Byr sparisjóði, Matthías Páll Imsland, fyrrum stjórnarmaður í sparisjóðnum, Ragnar Z. Guðjónsson fyrrverandi sparisjóðsstjóri í Byr sparisjóði, og Gunnar Árnason, yfirmaður áhættustýringar og útlánaeftirlits sparisjóðsins, komið fyrir dóminn og lýst því að tveir starfsmenn fyrirtækjasviðs Glitnis banka, þeir Einar Sigurðsson og Páll Ragnar Jóhannesson, hafi komið nokkrum sinnum á fund þeirra í tengslum við stofnfjárukninguna. Komið hafi skýrt fram hjá þeim að við lánveitingu Glitnis banka til stofnfjáreigenda yrðu tekin veð í stofnfjárhlutunum og væntum arðgreiðslum en að ekki yrði gengið að lántökum persónulega. Kvaðst Matthías m.a. hafa spurt sérstaklega út í þetta atriði á fundi stjórnarmanna í Byr sparisjóði með þeim Einari og Páli og þá fengið þessi svör.

Fyrir dómi kannaðist Einar Sigurðsson við að fjármögnun aukningarinnar hafi borið á góma á þessum fundum. Í þeirri umræðu hafi komið skýrt fram að í viðskiptunum yrðu ekki aðrar tryggingar en „stofnbréfin sem slík“. Minntist hann þess ekki að hafa verið spurður sérstaklega út í það hvað gerðist ef stofnbréfin dygðu ekki til að greiða lánin. Hann vildi þó ekki útiloka að ummæli hans hafi „hugsanlega“ getað gefið viðmælendum hans tilefni til að ætla að lántakarnir bæru enga persónulega ábyrgð á skuldbindingunni. Páll Ragnar Jóhannesson sagði aftur á móti að hann minntist þess ekki að það hafi komið til tals milli aðila hvort lánunum fylgdi persónuleg ábyrgð eða ekki. Taldi hann ekkert hafa komið fram í þessum viðræðum sem hafi gefið honum tilefni til að hugleiða þetta atriði.

Samkvæmt því sem fram kom í skýrslu Matthíasar Imsland vék hann úr stjórn áður en stofnfjárukningin var til lykta leidd en hann mun hafa átt hlut í félagi sem átti stofnfjárbréf í sparisjóðnum. Greindi hann frá því að þetta félag hefði ekki tekið

lán hjá Glitni banka til að fjármagna stofnfjárukninguna. Með vísan til skýrslu hans og Gunnars Árnasonar svo og með hliðsjón af framburði Jóns Þorsteins Jónssonar og Ragnars Z. Guðjónssonar og að teknu tilliti til þess sem fram kom í framburði Einars Sigurðssonar fyrir dómi telur dómurinn nægilega fram komið að starfsmenn Glitnis banka hafi viðhaft ummæli á fundum með stjórnarmönnum og starfsmönnum Byrs sparisjóðs sem hafi mátt skilja þannig að ekki yrði gengið að lántökum persónulega, einungis að hinum veðsettu stofnfjárbréfum. Eins og að framan greinir verður jafnframt að leggja til grundvallar að þessum skilningi hafi verið komið áleiðis til starfsmanna Byrs sparisjóðs sem hafi eftir atvikum svarað fyrirspurnum stofnfjáreigenda um fjármögnunina þannig að áhættan væri bundin við hin veðsettu stofnfjárbréf. Verður að telja nægilega fram komið að ónákvæm upplýsingagjöf af hálfu Glitnis banka hafi því átt þátt í villandi ráðgjöf Byrs sparisjóðs til stofnfjáreigenda.

Í máli þessu hefur því enn fremur verið borið við af hálfu stefndu að með því að takast á hendur ráðgjöf um útboðsferlið hafi Glitni banka borið að haga ráðgjöf sinni til stofnfjáreigenda í samræmi við ákvæði II. kafla laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti sem og reglugerð nr. 995/2007 um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja sem hafi öðlast gildi 1. nóvember 2007. Telur stefnda að bankinn hafi ekki fullnægt þeim skyldum sínum og vísar þar sérstaklega til 1. og 2. mgr. 15. gr. og 16. gr. laganna.

Ætla verður að umrædd kaup á stofnfjárbréfum í Byr sparisjóði teljist til verðbréfavíðskipta í skilningi laga nr. 108/2007 en í útboðslýsingu fyrir sparisjóðinn kemur fram að stofnfjárhlutir í honum séu „rafrænt skráðir í samræmi við ákvæði laga um rafræna eingarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997“. Í 16. gr. laga nr. 108/2007 er lögð sú skylda á fjármálafyrirtæki, sem veitir þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta, að afla upplýsinga um þekkingu og reynslu víðskiptavinar á sviði víðkomandi tegundar verðbréfavíðskipta og ráða honum frá þeim ef það telur verðbréfavíðskiptin ekki víðeigandi fyrir víðskiptavininn. Lúti þjónustan að fjárfestingarráðgjöf ber að afla sömu upplýsinga, sbr. 15. gr. laganna, en auk þess að kanna fjárhagsstöðu hans. Með fjárfestingarráðgjöf er átt við persónulegar ráðleggingar til víðskiptavinar í tengslum við fjármálagerninga, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 108/2007. Ekki er upplýst í máli þessu að Glitnir banki hafi veitt stefndu slíka ráðgjöf og því kemur 15. gr. laganna ekki hér til álita.

Glitnir banki skuldbatt sig með samningi 12. nóvember 2007 til að veita Byr sparisjóði ráðgjöf við útboðið á stofnfjárhlutunum, sölutryggja það og fjármagna stofnfjárukninguna. Leggja verður þann skilning í fyrirmæli samningsins um sölutryggingu að Glitnir banki hafi skuldbundið sig til að gera sjálfstæðan sölutryggingarsamning er mælti fyrir um nýtingu sölutryggingarinnar varðandi þann hluta stofnfjárbréfa sem áskrift næðist ekki fyrir ef sparisjóðurinn færi fram á það eftir að ákvörðun hefði verið tekin um útboðið. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að sparisjóðurinn hafi gefið þennan rétt eftir við stofnfjárukninguna. Aðkoma bankans að stofnfjárukningunni á grundvelli samningsins frá 12. nóvember 2007 féll því almennt undir lög nr. 108/2007, sbr. 6. tölul. 1. mgr. og 2. tölul. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Glitni banka bar samkvæmt þessu m.a. að fylgja almennri reglu 5. gr. laganna sem leggur þá skyldu á fjármálafyrirtæki að starfa í samræmi við eðlilega víðskiptahætti og venjur í verðbréfavíðskiptum, með trúverðugleika

fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi. Stefnda tók auk þess tilboði Glitnis banka um fjármögnun stofnfjárukningarinnar sem var í tengslum við viðskipti bankans samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 1. gr. lag nr. 108/2007. Verður því að telja að Glitni banka hafi borið samkvæmt 14. gr. laganna að veita henni m.a. greinargóðar upplýsingar um þá áhættu sem viðskiptunum fylgdi og urðu þær að vera skýrar og sanngjarnar og máttu ekki vera villandi þannig stefnda gæti tekið „upplýsta fjárfestingarákvörðun“. Ekki verður séð að Glitnir banki hafi gætt skyldu sinnar samkvæmt þessu ákvæði þannig að stefnda fengi nægilega greinargóðar upplýsingar um þá áhættu sem fólst í að taka lán til kaupa á stofnfjárbréfum sem námu sexfaldri stofnfjáreign stefndu. Þá var um þjónustu á sviði verðbréfavíðskipta að ræða sem telja verður að hafi fallið undir 16. gr. laganna. Því átti bankinn að óska eftir upplýsingum um þekkingu og reynslu stefndu á sviði þessarar tegundar verðbréfavíðskipta áður en ákveðið var að lána henni til kaupanna en það virðist ekki hafa verið gert. Þá verður ekki séð að sérstök athugun hafi farið fram á því að stefnda uppfyllti almenn lánaskilyrði bankans sem vísað var til í bókun áhættunefndar bankans frá 18. október 2007.

Samkvæmt framansögðu þykir ljóst að stefnda hafi vegna villandi ráðgjafar, sem mátti rekja til ónákvæmrar upplýsingagjafar af hálfu Glitnis banka, samþykkt lántökuna á þeirri röngu forsendu að áhætta hennar takmarkaðist við hin veðsettu stofnfjárbréf. Þá verður að telja að Glitnir banki hafi sýnt af sér alvarlegt skeytingarleysi um hagsmuni stefndu, sem hafði ekki mikla þekkingu á verðbréfavíðskiptum, með því að upplýsa hana ekki um þá áhættu sem fólst í að taka lán til kaupa á svo miklu magni stofnfjárbréfa sem raun ber vitni. Í ljósi aðstæðna stefndu og þeirrar villu sem hún var í um eðli skuldbindingarinnar þykir líklegt að hún hefði ekki tekið lánið ef henni hefði verið veitt rétt ráðgjöf sem hefði skýrt hvaða afleiðingar það hefði ef forsendur um rekstur sparisjóðsins og væntar arðgreiðslur gengju ekki eftir.

Ber þá jafnframt að líta til þess að Glitnir banki átti frumkvæði að hinni umfangsmiklu stofnfjárukningu hjá Byr sparisjóði og lagði sérstaka áherslu á það á öllum stigum málsins að allir stofnfjáreigendur tækju þátt í henni. Þetta má m.a. ráða af skýrslu Einars Sigurðssonar fyrir dómi og glærुकynningu bankans sem ber yfirskriftina „Hlutafélagavæðing Sparisjóða“. Í skýrslu Einars kemur fram að þessi glærुकynning hafi verið unnin í fyrirtækjaráðgjöf Glitnis banka sumarið 2007 og verið fyrst kynnt á fundi innan bankans um það leyti. Þar er mælt með því að hækka stofnfé Byrs sparisjóðs um 20 til 30 milljarða áður en sparisjóðnum yrði breytt í hlutafélag í því skyni að auka verulega hlutdeild stofnfjáreigenda í hlutafé þess á kostnað sjálfseignarstofnunar sem yrði til við hlutafjávæðinguna, sbr. 76. gr. laga nr. 161/2001 um fjármálafyrirtæki. Kemur fram á glærunum að hækkun stofnfjárins yrði „að stórum hluta mætt með arðgreiðslum til stofnfjáreigenda“ og áhersla lögð á að tryggja öllum stofnfjáreigendum fjármagn til kaupa á hinu nýja stofnfé. Þar var skírskotað til rúmra heimilda sparisjóða til að greiða stofnfjáreigendum arð. Þá hefur komið fram í skýrslum þeirra vitna sem komu að málinu af hálfu Glitnis banka að reiknað hafi verið með að arðgreiðslurnar myndu a.m.k. fara mjög langt með að standa undir endurgreiðslu lánanna.

Ljóst er að þessum áformum var hrint í framkvæmd með því að margfalda stofnfé Byrs sparisjóðs í desember 2007. Hefðu þessi áform eflaust getað haft í för með sér töluverðan hagnað fyrir stofnfjáreigendur ef forsendur um hagfelldan rekstur á Byr sparisjóði og ríflegar arðgreiðslur hefðu staðist. Þau kölluðu hins

vegar einnig á umfangsmikla skuldsetningu af hálfu stefndu til að fjármagna kaupin á stofnfjárbréfunum og því mikilvægt að henni væri gerð skýr grein fyrir þeirri áhættu sem í því fælist. Frumkvæði Glitnis banka sem hér er lýst undirstrikar að mati dómsins enn frekar ábyrgð bankans á því að að gera stefndu grein fyrir þessari áhættu. Forsendur þessara áforma brugðust hins vegar með öllu við hrun fjármálakerfisins hér á landi haustið 2008 en óumdeilt er að stofnfjárbréfin eru nú verðlaus. Ef fallist yrði á dómkröfur stefnanda verður ekki betur séð en að stefnda myndi bera allt tjónið af því.

Það er óumdeilt að stefnda getur borið fyrir sig að ósanngjarnt sé að byggja á umræddum lánsamningi, sbr. 36. gr. laga nr. 7/1936, þó að krafa samkvæmt samningnum hafi verið framseld frá Glitni banka til stefnanda. Þegar litið er til framangreindra atriða, er lúta að atvikum við samningsgerðina og stöðu aðila, efni lánsamningsins og atvika sem síðar komu til, er það niðurstaða dómsins að ósanngjarnt sé af stefnanda að bera lánsamninginn fyrir sig að því leyti sem hann felur í sér rétt til að leita fullnustu á greiðsluskyldu stefndu í öðrum eignum en hinum veðsettu stofnfjárbréfum og arði af þeim. Því er rétt að breyta efni hans þannig að stefnanda sé einungis unnt að leita fullnustu í stofnfjárbréfunum og arði af þeim. Þar sem krafa stefnanda beinist að því að fá aðfararhæfan dóm um skyldu stefndu til greiðslu eftirstöðva lánsins verður stefnda sýknuð af kröfum stefnanda.

3. Málskostnaður o.fl.

Í ljósi framangreindrar niðurstöðu og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber stefnanda að greiða stefndu málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 2.000.000 króna.

Vegna embættisanna dómara hefur dómsuppkvaðning dregist fram yfir frest samkvæmt 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Aðilar töldu ekki þörf á því að málið yrði flutt að nýju.

Ásmundur Helgason kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð :

Stefnda, Ólöf Þórunna Hannesdóttir, er sýkn af kröfum stefnanda, Íslandsbanka hf.

Stefnandi greiði stefndu 2.000.000 króna í málskostnað.

Ásmundur Helgason.

